

Fundargerð

2. fundur stjórnar Bergrisans bs. – þjónustusvæðis vegna málefna fatlaðs fólks á Suðurlandi.

Fundarstaður : Ráðhús Árborgar

Fundartími : þriðjudagur 21. ágúst 2018 kl. 15:00

Mættir : Stjórnarmennirnir Aldís Hafsteinsdóttir, Sandra Brá Jóhannsdóttir og Gísli Halldór Halldórsson. Auk þeirra sátu fundinn Guðlaug Jóna Hilmarsdóttir, Helga Lind Pálsdóttir, Ingibjörg Garðarsdóttir og María Kristjánsdóttir.

Ritari fundarins : Sandra Brá Jóhannsdóttir ritaði fundargerð.

Málefni til umfjöllunar :

1. Kosning formanns og ritara

Gísli Halldór Halldórsson er kjörin formaður og Sandra Brá Jóhannsdóttir kjörin ritari

2. Endurtekin ósk um beiðni á leiðréttingum á greiðslum vegna notendasamnings.

Stjórnin hafnar beiðninni á þeim forsendum að ekki er um leiðréttingu á SIS mati að ræða heldur endurmat. Eldra mat er því í gildi þar til nýtt hefur verið gefið út. Greiðslur jöfnunarsjóðs taka mið af gildandi SIS mati á hverjum tíma. Nýtt SIS mat tók gildi 1. febrúar 2018 og er því stjórn tilbúin til að gera notendasamning frá þeim tíma. Formanni falið að svara erindinu.

3. Málefni Kerlingardals

Rætt um stöðu á lokunarferli Kerlingardals. Helgu Lind Pálsdóttur falið að ljúka við að finna ný úrræði fyrir heimilisfólk Kerlingardals. Stjórn Bergrisans veitir heimild til framlengingar samnings vegna Kerlingardals til 30. september 2018 ef þörf er á.

4. Önnur mál

Kynning á stöðu á búsetuúrræði fyrir börn.

Fundi slitið kl. 16.30

Aldís Hafsteinsdóttir (sign)

Gísli Halldór Halldórsson (sign)

Sandra Brá Jóhannsdóttir (sign)